

Umhverfismat



Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað áttugar og landslag í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu skal merkja við þann lit sem við á.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni




Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu



Nú þegar gert í skólastarfinu

Átthagar og landslag





Alls konar umhverfi er að finna í kringum skóla og heimili, bæði náttúrulegt og manngert. Mikilvægt er að nemendur þekki umhverfi sitt og helstu kennileiti þess, bæði náttúruleg (villt náttúra og landslag) og manngerð (hús, vegir og garðar).

Garðar og önnur græn svæði eru yfirleitt manngerð (borgarnáttúra) en þau eru samt mikilvæg.



Hugur þekking



Þekkið þið örnefni í landslaginu í kringum ykkur? 			
Þekkið þið orð sem lýsa landslagi t.d. hæðir, hólar, dalir o.fl.? 			
Þekkið þið muninn á borgarnáttúru og villtri náttúru? 			
Hafið þið lært um heimsmarkmiðin í tengslum við átthaga? 			



Hjarta skólinn og samfélagið

Hvað af eftirtöldu er á skólalóðinni?



Tún




Gras



Berjamó




Hóll



Tré







Blóm



Steinar




Farið þið út að leika á hverjum degi?				
Á skólinn útikennslusvæði eða grenndarsvæði?				
Eruð þið að rækta grænmeti á skólalóðinni?				
Gefið þið fuglunum á skólalóðinni á veturna?				

Hvað af eftirtöldu er í kringum skólann?



Skóli/leikskóli




Skrifstofur



Íbúðarhús







Sundlaug



Búðir



Vitið þið hvað er í húsunum í kringum skólann? 			
Hafið þið farið í heimsóknir húsin í kringum skólann? 			
Ef já hafið þið gert eitthvað áhugavert með fólkinu sem vinnur þar? 			
Hafið þið kynnst eldri borgurum í nágrenni skólans? 			

Hvað af eftirtöldu er í nærumhverfinu?




Tré/skógur




Lækur/á



Stöðuvatn






Fjara



Fjall






<p>Eru þið dugleg að fara í ferðir út fyrir skólalóðina?</p> 			
<p>Hafið þið farið í fjallgöngu?</p> 			
<p>Hafið þið farið í fjöruferð?</p> 			



Hendur
aðgerðir



Viljið þið breyta einhverju í kringum skólann? Ef já hverju mynduð þið vilja breyta? 			
Hafið þið búið til mynd af nærsamfélaginu ykkar? Merkt inn á það húsin ykkar, skólann, örnefni og landslag? 			
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við átthaga og landslag? 			
Eruð þið dugleg við að sýna öðrum og segja frá dýrum, plöntum eða landslagi sem þið sjáið í kringum ykkur?			

Hvað getur skólinn gert til að kynnast betur áttögum og landslagi?

A large, empty rectangular box with a thin black border, intended for a student to write their answer to the question above. The box occupies most of the page below the question.